

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2011

Inngangur

Uppbygging skólustarfs í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hélt áfram á árinu 2011 og sem fyrr var megináherslan á að styðja við og koma hugmyndafræði skólans og stefnu í framkvæmd. Uppbyggingarstarfið skiptist í tvo meginhluta, þróun kennsluhátta annars vegar og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla hins vegar. Áherslupunkturarnir í þróun kennsluhátta snúast um verkefnafræðingarnar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat sem fléttast saman við kennsluaðferðirnar. Þróunarvinnan sem tengist innleiðingu nýrra laga felst einkum í uppbyggingu og útfærslu námsbrauta og áfangalýsinga, auk þess áfangalýsingar voru endurskoðaðar og áfangarnir tímamældir með tilliti til samhengis eininga og vinnu nemenda. Á vorönn voru nemendur rúmlega 150 og á haustönn voru þeir um 240. Starfsmenn voru 22 í tæplega 17 stöðugildum á vorönn og 36 í rúmlega 23 stöðugildum á haustönn.

Nemendur

Meirihluti nemenda skólans eru úr Mosfellsbæ og nágrennabyggðum (Grafarvogur, Kjalarnes, Akranes), eða um 70%. Kynjahlutfall er nokkurn veginn í jafnvægi, en þó voru strákar svolítið fleiri, eða um 55%. Aldurssamsetning nemendahópsins er þannig að um helmingur er yngri en 18 ára.

Nemendur skólans glíma margir við námsörðugleika og hafa töluvert brotinn námsferil að baki. Töluvert hærra hlutfall nemenda í FMOS er í vandræðum með lestur og kljást við athyglisbrest og einbeitingarskort, en þekkest í öðrum framhaldsskólum. Þetta staðfestist í nýlegri skýrslu Rannsóknar og greiningar „Betri líðan í mínum skóla“.

Á haustönn kom inn nokkur hópur nemenda vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur“ og vegna þess að ákveðið var að opna framhaldsskólana fyrir ungt fólk yngra en 25 ára og í honum eru margir sem eru að hefja nám að nýju eftir hlé. Þessi hópur nemenda er sérstaklega viðkvæmur og krefst meira utanumhalds og aukinnar þjónustu.

Nemendahópur sem er svona samsettur er mikil áskorun í kennslunni, en verkefnafræðingarnar kennsluaðferðir skólans styðja ágætlega við marga þessa nemendur og auðvelda þeim að ná góðum tókum á náminu. Kennsluhættir skólans virðast henta vel breiðum hópi nemenda, en til viðbótar var ákveðið að veita þeim nemendum sem verst eru staddir sérstakan stuðning þar sem þeir eru aðstoðaðir við verkefnavinnu og skipulag.

Brottfall var áfram mikið á síðasta ári eins og verið hefur. Stöðugt er unnið að því að finna leiðir til að minnka brottfallið, með meira utanumhaldi, tilboðum um námskeið og sérstökum stuðningi inn í kennslustundum eins og minnst var á hér að ofan.

Ýmsar fleiri hugmyndir hafa komið fram sem raunverulega geta haft áhrif á brottfallið. Þar má nefna umfangsmikla breytingu á hlutverki umsjónarkennara, og þá er gert ráð fyrir að kennarar sem áhuga hafa taki að sér tiltekinn fjölda nemenda sem þeir sinna á einstaklingsgrunni. Þessi hugmynd gengur út á að byggja upp trúnaðarsamband milli umsjónarkennara og nemenda og þarfnast umtalsvert meiri tíma en hefðbundið umsjónarkennarastarf. Önnur hugmynd hefur komið fram þar sem leiðir er fundnar til að ná til félagslega einangraðra nemenda (sbr. samstarfsverkefni Borgarholtsskóla, Miðgarðs og fl. í Grafarvogi).

Samstarfsverkefni skólans og Reykjalundar hélt áfram á árinu. Tildrögin að verkefninu eru að á Reykjalundi var nýlega farið að bjóða ýmsum sjúklingahópum upp á þjónustu á göngudeildum. Í stað þess að sjúklingar dveljist á Reykjalundi á meðan á meðferð stendur, eru áætlanir um að skipuleggja göngudeildir þar sem sjúklingar koma á Reykjalund 2-3 sinnum á meðan á meðferð stendur (u.þ.b. 12 vikur), en eru að öðru leyti heima. Hlutverk skólans í verkefninu er að leggja til kennsluferfi og aðstoð við starfsmenn Reykjalundar við að skipuleggja kennslu og samskipti við sjúklinga. Einnig sér skólinn um að kenna þátttakendum að nota kennsluferfið. Mikill áhugi er á því hjá báðum aðilum að halda áfram með þetta verkefni. Engar fjárveitingar hafa verið til verkefnisins á undanförunum árum, en þrátt fyrir það hefur verkefninu verið haldið gangandi. Mikilvægt er að verkefnið fái lágmarksfjárframlög á næstu árum til þess að mögulegt verði að halda því áfram.

Nám

Boðið er upp á nám á 6 námsbrautum í skólanum, þ.e. nám á almennri braut, listabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut, félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. Auk þess er starfrækt starfsbraut fyrir fatlaða nemendur og hér með er lagt til að þessar brautir verði nefndar sérnámsbrautir, því starfsbrautarnafnið ruglast gjarnan við annars konar brautir. Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt, en áhugi er á því innan skólans að þróa nám sem leggur minni áherslu á bóknám en meiri á verklega þætti og handverk. Uppbygging námsbrauta hefur verið í þróun að undanförunum og áhugi er á því innan skólans að finna fleiri leiðir til námsloka og auka sveigjanleika á milli námsbrautanna.

Kennsla

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluáðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluáðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í náminu sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Áhersla er síðan lögð á að leiðsagnarmatið leiði nemendur áfram og hjálpi þeim að bæta árangur sinn. Skipulag kennslunnar og kennsluhættir hafa reynst í öllum meginatriðum vel. Nánari útfærsla og þróun á aðferðunum eru stöðugt til umræðu á vikulegum fundum starfsmanna og ákvarðanir teknar jafnóðum um breytingar. Kennarar skólans eru vel menntaðir og kraftmiklir, og mikil orka felst í þeim áhuga og frumkvöðlaanda sem ríkir í skólanum.

Stjórnun

Í stjórnun skólans er lögð áhersla á að stefnu skólans sé fylgt og að starfið sé vel skipulagt. Einnig er áhersla á að beita lýðræðislegum starfsaðferðum við stjórnun þar sem haft er að leiðarljósi að finna jafnvægi milli jafningjasamstarfs og leiðbeinandi leiðtogahlutverks. Uppbygging gæðakerfis skólans miðar að því að það sé altækt og umbótamiðað. Í áætlun um sjálfsmat er gerð grein fyrir þeim þáttum sem hafa verið og verða metnir, og í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir umbótum í framhaldi af matinu, sjá vef skólans, <http://www.fmos.is/skolinn/sjalfsmat/>.

Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Stefnt er að því að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á fjárlögum. Erfitt hefur reynst að ná þessu markmið fyllilega, aðallega vegna þess hvernig nemendahópurinn er samsettur. Nýting starfskrafta var góð á miðað við stærð skólans og var meðalhópastærð um 19 nemendur og fermetrar á nemanda á árinu 2011 voru rúmlega 3.

Samstarf við aðra. Skólinn er í samstarfi við ýmsa aðila í Mosfellsbæ, s.s. grunnskóla bæjarins, íþróttafélagið, tónlistarskólann, myndlistarskólann og Hestamannafélagið Hörð. Á næstu misserum verður samstarfið þróað áfram.

Mosfellsbær, 17. febrúar 2012

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari
Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari